

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/852****2021/EES/34/20**

frá 17. maí 2017

**um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 (\*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Kvikasilfur er mjög eitrad efni sem felur í sér hnattræna og mikla ógn við heilbrigði manna, m.a. í formi metýlkvikasilfurs í fiski og öðrum sjávarafurðum, vistkerfum og villtum lífverum. Vegna þess að mengun af völdum kvikasilfurs er þess eðlis að hún berst yfir landamæri eiga 40–80% af heildarákomu kvikasilfurs í Sambandinu uppruna sinn utan Sambandsins. Því er þörf á aðgerðum á staðbundnum, svæðisbundnum, landsbundnum og alþjóðlegum vettvangi.
- 2) Mestur hluti kvikasilfurslosunar og tengdrar áhættu á váhrifum er af völdum starfsemi manna á borð við námugróft sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri og vinnslu, notkun kvikasilfurs í vörur og iðnaðarferli, óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og -vinnslu, kolabrennslu og meðhöndlun kvikasilfursúrgangs.
- 3) Í sjöundu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, sem samþykkt var með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB <sup>(3)</sup>, er sett langtíamarkmið um eiturefnalaust umhverfi og í þeim tilgangi kveðið á um að aðgerða sé þörf til að tryggja að verulega skaðlegum áhrifum iðefna á heilbrigði manna og umhverfið sé haldið í lágmarki fyrir árið 2020.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 303, 19.8.2016, bls. 122.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 14. mars 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2017.

<sup>(3)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

- 4) Markmiðið með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 28. janúar sem ber titilinn „Áætlun Bandalagsins um kvikasilfur“, sem var endurskoðuð 7. desember 2010 (hér á eftir nefnd áætlunin), er að lágmarka og, ef mögulegt er, koma að lokum á heimsvísu í veg fyrir kvikasilfurslosun af mannavöldum í lofti, vatni og á landi.
- 5) Undanfarin 10 ár hafa orðið marktækar framfarir í Sambandinu á sviði meðhöndlunar á kvikasilfri í kjölfar samþykktar á áætluninni og víðtækra ráðstafana varðandi losun, framboð, eftirspurn og notkun á kvikasilfri og meðhöndlun á offramboði og birgðum kvikasilfurs.
- 6) Í áætluninni er mælt með því að samningaviðræður og gerð alþjóðlegs lagalega bindandi gernings um kvikasilfur séu forgangsverkefni þar eð aðgerðir Sambandsins einar og sér geta ekki tryggt öfluga vernd borgara Sambandsins gegn neikvæðum áhrifum á heilbrigði af völdum kvikasilfurs.
- 7) Sambandið og 26 aðildarríki hafa undirritað Minamatasamninginn um kvikasilfur frá 2013 (hér á eftir nefndur samningurinn). Þau tvö aðildarríki sem undirrituðu ekki samninginn, Eistland og Portúgal, hafa lýst því yfir að þau muni fullgilda hann. Sambandið og öll aðildarríki þess eru því skuldbundin niðurstöðum hans, að leiða hann í lög og koma honum til framkvæmda.
- 8) Skjót samþykkt samningsins af hálfu Sambandsins og fullgilding hans af hálfu aðildarríkjanna mun hvetja mikilvæga hnattræna notendur og losendur kvikasilfurs, sem eru undirritunaraðilar að samningnum, til að fullgilda hann og koma honum til framkvæmda.
- 9) Þessi reglugerð ætti að koma til viðbótar réttarreglum Sambandsins og þar ætti að mæla fyrir um þau ákvæði sem eru nauðsynleg til að tryggja fullkomna samræmingu réttarreglna Sambandsins við samninginn þannig að Sambandið og aðildarríki þessi geti, eftir því sem við á, samþykkt eða fullgilt samninginn og komið honum til framkvæmda.
- 10) Frekari aðgerðir, sem Sambandið tekst á hendur, sem ganga lengra en kröfurnar í samningnum, myndu greiða götuna, líft og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1102/2008 <sup>(1)</sup> gerði fyrir kvikasilfurslausar vörur og ferli.
- 11) Í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) kemur þessi reglugerð ekki í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði strangari verndarráðstafanir, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist sáttmálunum og að framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um þær.
- 12) Bannið við útflutningi á kvikasilfri, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1102/2008, ætti að vera stutt takmörkunum á innflutningi á kvikasilfri sem eru mismunandi eftir upptökum, fyrirhugaðri notkun og upprunastað kvikasilfursins. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 <sup>(2)</sup> ætti að gilda áfram að því er varðar innflutning á kvikasilfursúrgangi, einkum að því er varðar valdheimildir lögbærra yfirvalda samkvæmt þeirri reglugerð.
- 13) Ákvæði þessarar reglugerðar um innflutning á kvikasilfri og blöndum kvikasilfurs miða að því að tryggja að Sambandið og aðildarríkin uppfylli skuldbindingar samningsins að því er varðar viðskipti með kvikasilfur.
- 14) Banna ætti útflutning, innflutning og framleiðslu á ýmiss konar vörum með viðbættu kvikasilfri sem er verulegur hluti af notkun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda innan Sambandsins og á heimsvísu.
- 15) Þessi reglugerð ætti að gilda með fyrirvara um ákvæði gildandi réttarreglna Sambandsins þar sem settar eru strangari kröfur varðandi vörur með viðbættu kvikasilfri, þ.m.t. að því er varðar hámarkskvikasilfursinnihald.
- 16) Hverfa ætti frá notkun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda í framleiðsluferlum í áföngum og í því skyni ætti að veita hvatningu til að rannsaka staðgöngu efni með eiginleika sem eru skaðlausir eða að minnsta kosti ekki jafnhættulegir fyrir umhverfið og heilbrigði manna.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1102/2008 frá 22. október 2008 um bann við útflutningi á kvikasilfursmálmi og tilteknum kvikasilfurssamböndum og -blöndum og um örugga geymslu á kvikasilfursmálmi (Stjúd. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 75).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjúd. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

- 17) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 <sup>(1)</sup> er bannað, frá og með 10. október 2017, að framleiða, setja á markað og nota fimm fenýlkvikasilfurssambönd sem vitað er að eru notuð, einkum sem hvatar, við framleiðslu á pólýuretani. Einnig ætti að banna notkun á öðrum hvötum, sem innihalda kvikasilfur, við framleiðslu á pólýuretani frá og með 1. janúar 2018.
- 18) Hverfa ætti frá framleiðslu á alkóhólötum, sem felur í sér að kvikasilfur er notað sem rafskaut, í áföngum og í stað slíkra framleiðsluferla ættu að koma raunhæf kvikasilfursslaus framleiðsluferli eins fljótt og auðið er. Ef viðeigandi, tiltæk kvikasilfursslaus framleiðsluferli eru ekki fyrir hendi ætti að mæla fyrir um vinnsluskilyrði fyrir framleiðslu á natríum- eða kalíummetýlati eða -etýlati sem felur í sér notkun á kvikasilfri. Gera ætti ráðstafanir til að draga úr notkun á kvikasilfri til að unnt sé að hverfa frá notkun þess í slíkri framleiðslu í áföngum, eins fljótt og auðið er og undir öllum kringumstæðum fyrir 1. janúar 2028.
- 19) Framleiðsla á nýjum vörum með viðbættu kvikasilfri og setning þeirra á markað og notkun á nýjum framleiðsluferlum, sem fela í sér notkun á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum, myndi auka notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum svo og kvikasilfursslosun innan Sambandsins. Því ætti að banna slíka nýja starfsemi nema mat sýni fram á að nýja varan með viðbættu kvikasilfri eða nýja framleiðsluferlið myndi hafa í för með sér verulegan ávinning fyrir umhverfið eða heilbrigði og hvorki skapa verulega áhættu fyrir umhverfið né fyrir heilbrigði manna og að engir tæknilega mögulegir kvikasilfursslausir valkostir, sem hefðu slíkan ávinning í för með sér, séu tiltækir.
- 20) Notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og -vinnslu er verulegur hluti af kvikasilfurssnotkun og -losun á heimsvísu, með skaðleg áhrif bæði á nærsamfélagið og á alþjóðavísu. Því ætti að banna slíka notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum samkvæmt þessari reglugerð og setja reglur um hana á alþjóðavettvangi. Með fyrirvara um bann við slíkri notkun og til viðbótar við innleiðingu aðildarríkjanna á viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, að því er varðar brot á þessari reglugerð, er einnig rétt að kveða á um landsáætlun, ef ekki er eingöngu um að ræða einstök tilvik þar sem bannið er ekki virt, í því skyni að taka á vanda vegna óvélvædds og minni háttar gullnámugrafta og -vinnslu þar sem kvikasilfurssblöndun er notuð til að vinna gull úr málmgrýti.
- 21) Notkun á kvikasilfri í tannsilfur hefur í för með sér mesta notkun kvikasilfurs í Sambandinu og er verulegur mengunarvaldur. Því ætti að hverfa frá notkun tannsilfurs í áföngum, í samræmi við samninginn og við landsáætlanir sem byggjast einkum á ráðstöfunum sem tilgreindar eru í II. hluta viðauka A við samninginn. Framkvæmdastjórnin ætti að meta og gefa skýrslu um framkvæmanleika þess að hverfa frá notkun tannsilfurs í áföngum til lengri tíma litið og helst eigi síðar en árið 2030, að teknu tilliti til landsáætlana sem krafist er með þessari reglugerð og virða jafnframt að fullu valdsvið aðildarríkjanna að því er varðar skipulag og veitingu heilbrigðisþjónustu og læknishjálpar. Enn fremur ætti að gera sérstakar forvarnarráðstafanir til heilsuverndar fyrir viðkvæma þjóðfélagsþópá á borð við börn og konur sem eru þunguðar eða með barn á brjósti.
- 22) Einungis ætti að vera heimilt að nota forskammtað tannsilfur í hylkjum og gera ætti notkun á amalgamskiljum skyldubundna á tannlæknastofum þar sem tannsilfur er notað eða tannsilfurssýllingar eða tennur, sem innihalda slíkar fyllingar, eru fjarlægðar í því skyni að vernda tannlækna og sjúklinga fyrir váhrifum frá kvikasilfri og til að tryggja að úrganginum, sem verður til, sé safnað og honum fargað í samræmi við skynsamlega úrgangsstjórnun og ekki losaður út í umhverfið undir neinum kringumstæðum. Með hliðsjón af þessu ætti að banna að tannlæknar noti kvikasilfur í lausri vigt. Tannsilfur í hylkjum, eins og lýst er í Evrópustöðlum ISO 13897:2004 og EN ISO 24234:2015, telst hentugt til notkunar fyrir tannlækna. Enn fremur ætti að fastsetja lágmarkseftirhaldsgetu fyrir amalgamskiljur. Reglufylgni, að því er varðar amalgamskiljur, ætti að byggjast á viðeigandi stöðlum, s.s. Evrópustaðli EN ISO 11143:2008. Með tilliti til stærðar rekstraraðila í tannlækningageiranum sem verða fyrir áhrifum af innleiðingu þessara krafna er rétt að veita nægan tíma til að aðlagast nýju kröfunum.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- 23) Þjálfun tannlæknanema og tannlækna í notkun á kvikasilfurslausum staðgöngukostum, einkum fyrir viðkvæma þjóðfélagshópa á borð við börn og konur sem eru þungaðar eða með barn á brjósti, auk þess að framkvæma rannsóknir á munnheilsu og nýsköpun til að auka þekkingu á fyrirbyggjandi efnum og tækni til viðgerða og til að þróa ný efni getur hjálpað til við að draga úr notkun kvikasilfurs.
- 24) Meira en 6 000 tonn af fljótandi kvikasilfursúrgangi munu hafa myndast í Sambandinu fyrir árslok 2017, aðallega vegna skyldubundinnar úreldingar á kvikasilfurskerjum í klóralkalífíðnaðinum í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/732/ESB <sup>(1)</sup>. Með tilliti til takmarkaðrar tiltækrar getu til að takast á hendur að umbreyta fljótandi kvikasilfursúrgangi ætti áfram að leyfa bráðabirgðageymslu á fljótandi kvikasilfursúrgangi samkvæmt þessari reglugerð í nógu langan tíma til að unnt sé að tryggja umbreytinguna og, ef við á, storknun alls slíks úrgangs sem myndast. Slík geymsla ætti að fara fram í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 1999/31/EB <sup>(2)</sup>.
- 25) Þar eð kvikasilfur er afar hættulegt efni í vökvaformi ætti að banna varanlega geymslu án formeðhöndlunar á kvikasilfursúrgangi vegna þeirrar áhættu sem þess konar förgun skapar. Því ætti kvikasilfursúrgangur að fara í gegnum viðeigandi umbreytingu og, ef við á, storknun fyrir varanlega geymslu. Í þeim tilgangi og til að draga úr tengdri áhættu ættu aðildarríkin að taka tillit til tæknilegra viðmiðunarreglna um kvikasilfur í Basel-samningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.
- 26) Í því skyni að tryggja að ákvæðum um úrgang í þessari reglugerð sé komið til framkvæmdar á réttan hátt ætti að gera ráðstafanir til að tryggja skilvirkt rekjanleikakerfi í allri meðhöndlunardeðu kvikasilfurs þar sem framleiðendum kvikasilfursúrgangs og rekstraraðilum úrgangsmeðhöndlunarstöðva, þar sem slíkur úrgangur er geymdur og meðhöndlaður, er gert skylt að koma á upplýsingaskrá sem hluta af því skráhaldi sem er krafist samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB <sup>(3)</sup>.
- 27) Með samningnum er þess krafist að samningsaðilar skuli leitast við að þróa viðeigandi stefnuáætlanir til að greina og meta svæði sem eru menguð af kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB <sup>(4)</sup> er þess krafist að rekstraraðilar iðjuvera bregðist við jarðvegsmengun. Enn fremur er þess krafist í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB <sup>(5)</sup> að aðildarríkin bregðist við jarðvegsmengun þar sem hún hefur skaðleg áhrif á ástand vatnshlota. Því ættu að fara fram upplýsingaskipti milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til að miðla reynslu af framtaksverkefnum og ráðstöfunum sem gerðar eru á landsvísu.
- 28) Í því skyni að endurspegla núverandi vísindalegan skilning á þeirri áhættu sem metýlkvikasilfur skapar ætti framkvæmdastjórnin, þegar hún tekst á hendur að endurskoða þessa reglugerð, að meta núverandi heilbrigðisviðmiðað inntekið magn og ætti að koma á nýjum heilbrigðisviðmiðunum að því er varðar kvikasilfur.
- 29) Í því skyni að laga löggjöf Sambandsins að ákvörðunum ráðstefnu aðilanna að samningnum, sem Sambandið styður með ákvörðun ráðsins sem var samþykkt í samræmi við 9. mgr. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ætti að framselja framkvæmdastjórninni valdheimild til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingar á viðaukunum við þessa reglugerð og að því er varðar framlengingu á frestinum sem veittur er fyrir bráðabirgðageymslu á kvikasilfursúrgangi. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu <sup>(6)</sup>. Einkum fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl í hendur á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/732/ESB frá 9. desember 2013 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna klóralkalíframléiðslu (Stjtið. ESB L 332, 11.12.2013, bls. 34).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 30) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar, að því er varðar að tilgreina eyðublöð fyrir innflutning og útflutning, setja fram tæknilegar kröfur um umhverfisvæna bráðabirgðageymslu á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum og blöndum kvikasilfurs, banna eða leyfa nýjar vörur með viðbættu kvikasilfri og ný framleiðsluferli sem fela í sér notkun á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum og tilgreina kvaðir um skýrslugjöf, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(1)</sup>.
- 31) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 32) Með tilliti til eðlis og umfangs þeirra breytinga sem þarf að gera á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 og til að auka réttarvissu, skýrleika og gagnsæi og einfalda löggjöfina ætti að fella þá reglugerð úr gildi.
- 33) Til að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og rekstraraðilar, sem þessi reglugerð hefur áhrif á, fái nægan tíma til að aðlagast nýja fyrirkomulaginu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ætti hún að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.
- 34) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og umhverfið gegn losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda af mannavöldum, m.a. með útflutnings- og innflutningsbanni á kvikasilfri og vörum með viðbættu kvikasilfri, takmörkunum á notkun kvikasilfurs í framleiðsluferlum, vörum, óvélvæddum og minniháttar gullnámugreftri og -vinnslu og í tannsilfur og með skuldbindingum sem gilda um kvikasilfursúrgang og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna þess að kvikasilfursmengun berst yfir landamæri og vegna eðlis þeirra ráðstafana sem á að grípa til, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### I. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1. gr.

#### Viðfangsefni og markmið

Með þessari reglugerð er komið á ráðstöfunum og skilyrðum varðandi notkun, geymslu og viðskipti með kvikasilfur, kvikasilfurssambönd og blöndur kvikasilfurs og framleiðslu, notkun og viðskipti með vörur með viðbættu kvikasilfri og meðhöndlun á kvikasilfursúrgangi í því skyni að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og umhverfið gegn losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda af mannavöldum.

Aðildarríkjunum er heimilt, eftir því sem við á, að setja strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (1) „kvikasilfur“: kvikasilfursmálmur (Hg, CAS-nr. 7439-97-6),
- (2) „kvikasilfurssamband“: hvers konar efni sem samanstendur af kvikasilfuratómum og einu eða fleiri atómum annarra frumefna sem einungis er unnt að aðskilja í mismunandi efnisþætti með efnahvörfum,

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- (3) „blanda“: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna,
- (4) „vara með viðbættu kvikasilfri“: vara eða efnisþáttur vöru sem inniheldur kvikasilfur eða kvikasilfurssamband sem var bætt við af ásetningi,
- (5) „kvikasilfursúrgangur“: kvikasilfursmálmur sem telst til úrgangs eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- (6) „útflutningur“: eitthvað af eftirtöldu:
  - a) varanlegur eða tímabundinn útflutningur á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum, blöndum kvikasilfurs og vörum með viðbættu kvikasilfri sem uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 28. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,
  - b) endurútflutningur á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum, blöndum kvikasilfurs og vörum með viðbættu kvikasilfri, sem uppfylla ekki skilyrðin í 2. mgr. 28. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem sett eru í annað tollferli en ytra umflutningsferli Sambandsins fyrir vöruflutninga gegnum tollsvæði Sambandsins,
- (7) „innflutningur“: efnislegur aðflutningur inn á tollsvæði Sambandsins á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum, blöndum kvikasilfurs og vörum með viðbættu kvikasilfri sem sett eru í annað tollferli en ytra umflutningsferli Sambandsins fyrir vöruflutninga gegnum tollsvæði Sambandsins,
- (8) „förgun“: förgun eins og hún er skilgreind í 19. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- (9) „námuþróftur sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri“: námuþróftur þar sem aðalefnið, sem leitað er eftir, er kvikasilfur,
- (10) „umbreyting“: efnafræðileg ummyndun á eðlisástandi kvikasilfurs úr vökvaformi í kvikasilfurssúlfið eða sambærilegt efnasamband sem er jafn stöðugt eða stöðugra og jafn leysanlegt eða minna leysanlegt í vatni og skapar ekki meiri hættu fyrir umhverfið eða heilbrigði en kvikasilfurssúlfið,
- (11) „setning á markað“: það að sjá þriðja aðila fyrir vöru eða bjóða hana fram, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst vera setning á markað.

## II. KAFLI

### TAKMARKANIR Á VIÐSKIPTUM OG FRAMLEIÐSLU ER VARÐA KVIKASILFUR, KVIKASILFURSSAMBÖND, BLÖNDUR KVIKASILFURS OG VÖRUR MEÐ VIÐBÆTTU KVIKASILFRI

#### 3. gr.

#### Útflutningstakmarkanir

1. Útflutningur á kvikasilfri skal bannaður.
2. Útflutningur á kvikasilfurssamböndum og blöndum kvikasilfurs, sem eru tilgreind í I. viðauka, skal bannaður frá og með þeim dagsetningum sem þar eru settar fram.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal útflutningur á kvikasilfurssamböndum, sem eru tilgreind í I. viðauka, leyfður til rannsókna eða greininga á rannsóknarstofum.
4. Útflutningur til endurheimtar á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum og blöndum kvikasilfurs, sem falla ekki undir bannið sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skal bannaður.

#### 4. gr.

#### Innflutningstakmarkanir

1. Innflutningur á kvikasilfri og innflutningur á blöndum kvikasilfurs, sem tilgreindar eru í I. viðauka, þ.m.t. kvikasilfursúrgangur frá einhverjum af stóru upptökunum sem um getur í a- til d-lið 11. gr., í öðrum tilgangi en til förgunar sem úrgangur, skal bannaður. Slíkur innflutningur til förgunar sem úrgangur skal einungis leyfður ef útflutningslandið hefur ekki aðgang að tiltækri umbreytingargetu innan eigin yfirráðasvæðis.

Með fyrirvara um 11. gr og þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal innflutningur á kvikasilfri og innflutningur á blöndum kvikasilfurs, sem tilgreindar eru í I. viðauka til notkunar sem er leyfð í aðildarríki, leyfður ef innflutningsaðildarríkið hefur veitt skriflegt samþykki fyrir slíkum innflutningi við aðrar hvorar eftirfarandi aðstæður:

- a) útflutningslandið er aðili að samningnum og útflutta kvikasilfrið er ekki frá námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri, sem er bannaður skv. 3. og 4. mgr. 3. gr. sammingsins, eða
- b) útflutningslandið er ekki aðili að samningnum en hefur lagt fram vottun þess efnis að kvikasilfrið komi ekki frá námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri.

Með fyrirvara um landsráðstafanir, sem samþykktar eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, telst notkun, sem leyfð er samkvæmt löggjöf Sambandsins, vera notkun sem er leyfð í aðildarríki að því er varðar þessa málsgrein.

2. Innflutningur á blöndum kvikasilfurs sem falla ekki undir 1. mgr. og á kvikasilfurssamböndum, til endurheimtar á kvikasilfri, skal bannaður.
3. Innflutningur á kvikasilfri til notkunar í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og -vinnslu skal bannaður.
4. Þar sem innflutningur á kvikasilfursúrgangi er leyfður í samræmi við þessa grein skal reglugerð (EB) nr. 1013/2006 gilda áfram, til viðbótar við kröfurnar í þessari reglugerð.

5. gr.

#### Útflutningur, innflutningur og framleiðsla á vörum með viðbættu kvikasilfri

1. Með fyrirvara um strangari kröfur, sem settar eru fram í annarri gildandi löggjöf Sambandsins, skulu útflutningur, innflutningur og framleiðsla í Sambandinu á vörum með viðbættu kvikasilfri, sem settar eru fram í II. viðauka, bönnuð frá og með þeim dagsetningum sem þar eru settar fram.
2. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., gildir ekki um eftirfarandi vörur með viðbættu kvikasilfri:
  - a) vörur sem eru nauðsynlegar til almannavarna og hernaðarnota,
  - b) vörur til rannsókna, til kvörðunar á tækjabúnaði eða til notkunar sem viðmiðunarstaðlar.

6. gr.

#### Eyðublöð fyrir innflutning og útflutning

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvarðanir með framkvæmdargerðum til að tilgreina þau eyðublöð sem á að nota til framkvæmdar 3. og 4. gr. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

III. KAFLI

#### TAKMARKANIR Á NOTKUN OG GEYMSLU Á KVIKASILFRI, KVIKASILFURSSAMBÖNDUM OG BLÖNDUM KVIKASILFURS

7. gr.

#### Atvinnustarfsemi

1. Notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í framleiðsluferlunum, sem tilgreind eru í I. hluta III. viðauka, skal bönnuð frá og með þeim dagsetningum sem þar eru settar fram.
2. Notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í framleiðsluferlunum, sem tilgreind eru í II. hluta III. viðauka, skal aðeins leyfð að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eru sett fram.
3. Bráðabirgðageymsla á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum og blöndum kvikasilfurs, sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa reglugerð, skal fara fram á umhverfisvænan hátt, í samræmi við viðmiðunarmörkin og kröfurnar sem sett eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB <sup>(1)</sup> og í tilskipun 2010/75/ESB.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1).

Í því skyni að tryggja samræmda beitingu kröfunnar, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem settar eru fram tæknilegar kröfur um umhverfisvæna bráðabirgðageymslu á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum og blöndum kvikasilfurs, í samræmi við ákvarðanir sem ráðstefna aðilanna að samningnum samþykkir í samræmi við 3. mgr. 10. gr. og 27. gr. samningsins, að því tilskildu að Sambandið hafi stutt viðkomandi ákvörðun með ákvörðun ráðsins sem er samþykkt í samræmi við 9. mgr. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. í þessari reglugerð.

8. gr.

### Nýjar vörur með viðbættu kvikasilfri og ný framleiðsluferli

1. Rekstraraðilar skulu ekki framleiða eða setja á markað vörur með viðbættu kvikasilfri, sem voru ekki framleiddar fyrir 1. janúar 2018 („nýjar vörur með viðbættu kvikasilfri“), nema þeir fái heimild til þess með ákvörðun sem tekin er skv. 6. mgr. þessarar greinar eða sé leyft að gera slíkt samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB <sup>(1)</sup>.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um neitt af eftirfarandi:

- a) búnað sem er nauðsynlegur vegna verndar grundvallaröryggishagsmuna aðildarríkjanna, þ.m.t. vopn, skotfæri og hergögn, sem eru sérstaklega til nota í hernaðarlegum tilgangi,
- b) búnað sem er ætlaður til sendingar út í geim,
- c) tæknilegar úrbætur sem gerðar eru á vörum með viðbættu kvikasilfri, eða endurhönnun þeirra, sem voru framleiddar fyrir 1. janúar 2018, að því tilskildu að slíkar úrbætur eða endurhönnun leiði til þess að minna kvikasilfur sé notað í þessar vörur.

2. Rekstraraðilar skulu ekki nota framleiðsluferli, sem fela í sér notkun á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum, sem voru ekki ferli sem voru notuð fyrir 1. janúar 2018 („ný framleiðsluferli“), nema þeir fái heimild til þess með ákvörðun sem er tekin skv. 6. mgr.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki um ferli þar sem vörur með viðbættu kvikasilfri eru framleiddar eða notaðar, að undanskildum þeim sem falla undir bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Ef rekstraraðili hyggst sækja um ákvörðun skv. 6. mgr. til að framleiða eða setja á markað nýja vöru með viðbættu kvikasilfri, eða að nota nýtt framleiðsluferli, sem myndi hafa í för með sér verulegan ávinning fyrir umhverfið eða heilbrigði og hvorki skapa verulega áhættu fyrir umhverfið né fyrir heilbrigði manna og ef engir tæknilega mögulegir kvikasilfurslausir valkostir, sem hefðu slíkan ávinning í för með sér, eru tiltækir, skal rekstraraðilinn tilkynna það lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki. Í tilkynningunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) tæknilysing á viðkomandi vöru eða ferli,
- b) mat á ávinningi og áhættu fyrir umhverfi og heilbrigði,
- c) gögn sem sýna að engir tæknilega mögulegir kvikasilfurslausir valkostir, sem hefðu verulegan ávinning fyrir umhverfið eða heilbrigði í för með sér, séu tiltækir,
- d) ítarleg útskýring á því hvernig ferlið á að fara fram eða hvernig varan á að vera framleidd, notuð og fargað sem úrgangur eftir notkun, í því skyni að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni tilkynninguna sem barst frá rekstraraðilanum ef það telur, á grundvelli eigin mats á upplýsingunum í henni, að viðmiðanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr., séu uppfylltar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem það telur að viðmiðanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr., hafi ekki verið uppfylltar.

5. Þegar aðildarríki sendir tilkynningu samkvæmt fyrstu undirgrein 4. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin tafarlaust gera tilkynninguna aðgengilega fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 22. gr.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stj. 174, 1.7.2011, bls. 88).



6. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir móttæknu tilkynninguna og meta hvort sýnt hafi verið fram á að nýja varan með viðbættu kvikasilfri eða nýja framleiðsluferlið myndi hafa í för með sér verulegan ávinning fyrir umhverfið eða heilbrigði og hvorki skapa verulega áhættu fyrir umhverfið né fyrir heilbrigði manna og að engir tæknilega raunhæfir kvikasilfurslausir valkostir, sem hefðu slíkan ávinning í för með sér, séu fyrir hendi.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um niðurstöðu matsins.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvarðanir, með framkvæmdargerðum, þar sem kemur fram hvort viðkomandi ný vara með viðbættu kvikasilfri eða nýtt framleiðsluferli er leyft. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

7. Eigi síðar en 30. júní 2018 skal framkvæmdastjórnin gera skrá yfir framleiðsluferli, sem fela í sér notkun á kvikasilfri eða kvikasilfursamböndum og voru notuð fyrir 1. janúar 2018, og yfir vörur með viðbættu kvikasilfri, sem voru framleiddar fyrir 1. janúar 2018, og yfir allar gildandi markaðshindranir aðgengilega öllum á Netinu.

9. gr.

### Óvélvæddur og minni háttar gullnámugróftur og -vinnsla

1. Óvélvæddur og minni háttar gullnámugróftur og -vinnsla, þar sem kvikasilfursblöndun er notuð til að vinna gull úr málmgryti, skulu bönnuð.

2. Með fyrirvara um 1. málsgrein þessarar greinar og 16. gr. skal lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki, ef gögn sýna að ekki er eingöngu um að ræða einstök tilvik þar sem bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, er ekki virt, þróa og hrinda í framkvæmd landsáætlun í samræmi við IV. viðauka.

10. gr.

### Tannsilfur

1. Frá og með 1. janúar 2019 skal eingöngu nota tannsilfur sem er forskamtað í hylkjum. Notkun tannlækna á kvikasilfri í lausri vigt skal bönnuð.

2. Frá og með 1. júlí 2018 skal ekki nota tannsilfur við tannlæknameðferð barnatanna, barna undir 15 ára og kvenna sem eru þungaðar eða með barn á brjósti nema tannlæknirinn telji það algjörlega nauðsynlegt vegna tiltekinna læknisfræðilegra þarfa sjúklingsins.

3. Eigi síðar en 1. júlí 2019 skal hvert aðildarríki setja fram landsáætlun varðandi þær ráðstafanir sem það hyggst koma til framkvæmda til að hverfa frá notkun tannsilfurs í áföngum.

Aðildarríkin skulu gera landsáætlanir sínar aðgengilegar öllum á Netinu og skulu senda þær til framkvæmdastjórnarinnar innan eins mánaðar frá samþykkt þeirra.

4. Frá 1. janúar 2019 skulu rekstraraðilar tannlæknastofa þar sem tannsilfur er notað eða tannsilfursfyllingar eða tennur, sem innihalda slíkar fyllingar, eru fjarlægðar sjá til þess að stofurnar séu búnar amalgamskiljum til að halda eftir og safna saman amalgamögnum, þ.m.t. þær sem eru í notuðu vatni.

Slíkir rekstraraðilar skulu tryggja að:

- amalgamskiljur, sem teknar eru í notkun eftir 1. janúar 2018, hafi getu til að halda eftir a.m.k. 95% af amalgamögnum,
- frá 1. janúar 2021 hafi allar amalgamskiljur í notkun þá getu til eftirhalds sem tilgreind er í a-lið.

Amalgamskiljum skal viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda til að tryggja mestu mögulegu getu til eftirhalds.

5. Hylki og amalgamskiljur, sem uppfylla Evrópustaðla eða aðra landsbundna eða alþjóðlega staðla sem veita jafngilt gæðastig og eftirhald, skulu teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 4. mgr.

6. Tannlæknar skulu tryggja að leyfðar starfsstöðvar eða fyrirtæki á sviði úrgangsstjórnunar meðhöndli og safni amalgamúrgangi þeirra, þ.m.t. amalgamleifar, -agnir og -fyllingar, og tönnum, eða hlutum þeirra, sem eru mengaðar af tannsilfri.

Tannlæknar skulu ekki undir neinum kringumstæðum losa slíkan amalgamúrgang beint eða óbeint út í umhverfið.

## IV. KAFLI

## FÖRGUN ÚRGANGS OG KVIKASILFURSÚRGANGS

## 11. gr.

## Úrgangur

Með fyrirvara um 5. lið 2. gr. þessarar reglugerðar skal telja kvikasilfur og kvikasilfurssambönd, hvort sem þau eru í hreinu formi eða í blöndum, frá einhverjum af eftirfarandi stórum upptökum, til úrgangs í skilningi tilskipunar 2008/98/EB og þeim skal fargað án þess að stofna heilbrigði manna í hættu eða skaða umhverfið, í samræmi við þá tilskipun:

- a) klóralkalífíðnaður,
- b) hreinsun jarðgass,
- c) námuvinnsla og bræðsla annarra málma en járn,
- d) vinnsla úr sinnóbergrýti í Sambandinu.

Slík förgun skal ekki leiða til endurheimtar kvikasilfurs í nokkurri mynd.

## 12. gr.

## Skýrslugjöf varðandi stór upptök

1. Rekstraraðilar innan iðnaðarstarfsemi, sem um getur í a-, b- og c-lið 11. gr., skulu senda, fyrir 31. maí ár hvert, eftirfarandi til lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja:

- a) gögn um heildarmagn kvikasilfursúrgangs sem er geymdur á hverri stöð þeirra,
- b) gögn um heildarmagn kvikasilfursúrgangs sem er sent til einstakra starfsstöðva þar sem bráðabirgðageymsla, umbreyting og, ef við á, storknun kvikasilfursúrgangs fer fram, eða varanleg geymsla á kvikasilfursúrgangi sem fór gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun,
- c) staðsetningar- og samskiptaupplýsingar fyrir hverja starfsstöð sem um getur í b-lið,
- d) afrit af vottorðinu sem rekstraraðili starfsstöðvarinnar, þar sem bráðabirgðageymsla kvikasilfursúrgangs fer fram, leggur fram í samræmi við 1. mgr. 14. gr.,
- e) afrit af vottorðinu sem rekstraraðili starfsstöðvarinnar, þar sem umbreytingin fer fram, og, ef við á, storknun kvikasilfursúrgangsins, leggur fram í samræmi við 2. mgr. 14. gr.,
- f) afrit af vottorðinu sem rekstraraðili starfsstöðvarinnar, þar sem varanleg geymsla á kvikasilfursúrgangi sem fór í gegnum umbreytingu fer fram og, ef við á, storknun, leggur fram, í samræmi við 3. mgr. 14. gr.

2. Gögnin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., skulu gefin upp með því að nota kóðana sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 <sup>(1)</sup>.

3. Skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., skulu falla úr gildi að því er varðar rekstraraðila klóralkalístöðva einu ári eftir þann dag sem öll kvikasilfurker, sem viðkomandi rekstraraðili starfrækir, hafa verið tekin úr notkun í samræmi við framkvæmdarákvörðun 2013/732/ESB og allt kvikasilfur hefur verið afhent úrgangsmeðhöndlunarstöðvum.

## 13. gr.

## Geymsla á kvikasilfursúrgangi

1. Þrátt fyrir a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB má geyma kvikasilfursúrgang tímabundið í vökvaformi að því tilskildu að farið sé að sértæku kröfunum um bráðabirgðageymslu kvikasilfursúrgangs, sem mælt er fyrir um í I., II. og III. viðauka við þá tilskipun, og að slík geymsla fari fram í aðstöðu ofanjarðar sem sérstaklega er ætluð til bráðabirgðageymslu á kvikasilfursúrgangi og útbúin í þeim tilgangi.

Undanþágan, sem sett er fram í fyrstu undirgrein, skal falla úr gildi frá og með 1. janúar 2023.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 21. gr., til að breyta þessari reglugerð með því að framlengja tímabilið sem veitt er fyrir bráðabirgðageymslu á kvikasilfursúrgangi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, um allt að þrjú ár.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang (Stjtíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1).

3. Áður en kvikasilfursúrgangi er varanlega fargað skal hann fara í gegnum umbreytingu og, ef á að farga honum í aðstöðu ofanjarðar, umbreytingu og storknun.

Kvikasilfursúrgangi, sem fór í gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun, skal einungis fargað varanlega í eftirfarandi varanlegri geymsluaðstöðu sem hefur leyfi til að farga hættulegum úrgangi:

- a) í saltnámum sem eru aðlagðar til varanlegrar geymslu á kvikasilfursúrgangi, sem fór í gegnum umbreytingu, eða í berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar þar sem öryggi og innilokun jafngildir eða er meira en það sem finna má í saltnámunum, eða
- b) í aðstöðu ofanjarðar, sem sérstaklega er ætluð til varanlegrar geymslu á kvikasilfursúrgangi, sem fór í gegnum umbreytingu og storknun, og er útbúin í þeim tilgangi, þar sem öryggi og innilokun jafngildir eða er meira en það sem finna má í aðstöðunni sem um getur í a-lið.

Rekstraraðilar varanlegrar geymsluaðstöðu skulu tryggja að kvikasilfursúrgangurinn, sem fór í gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun, sé geymdur aðskilið frá öðrum úrgangi og í förgunarlotum í geymsluklefa sem er innsiglaður. Þessir rekstraraðilar skulu enn fremur tryggja að farið sé að kröfunum, sem settar eru fram í tilskipun 1999/31/EB, þ.m.t. sértækar kröfur um bráðabirgðageymslu kvikasilfursúrgangs sem settar eru í þriðja og fimmta undirlið 8. liðar I. viðauka og í II. viðauka við þá tilskipun, í tengslum við varanlega geymsluaðstöðu.

14. gr.

#### Rekjanleiki

1. Rekstraraðilar starfsstöðva þar sem bráðabirgðageymsla á kvikasilfursúrgangi fer fram skulu koma á fót skrá þar sem eftirfarandi kemur fram:

- a) að því er varðar hverja sendingu af kvikasilfursúrgangi sem berst:
  - i. uppruni og magn úrgangsins,
  - ii. nafn og samskiptaupplýsingar um birginn og eiganda úrgangsins,
- b) að því er varðar hverja sendingu af kvikasilfursúrgangi sem fer frá starfsstöðinni:
  - i. magn úrgangsins og kvikasilfursinnihald hans,
  - ii. ákvörðunarstaður og fyrirhuguð förgunaraðgerð úrgangsins,
  - iii. afrit af vottorðinu sem rekstraraðili starfsstöðvarinnar, þar sem umbreytingin fer fram, og, ef við á, storknun úrgangsins, leggur fram eins og um getur í 2. mgr.,
  - iv. afrit af vottorðinu sem rekstraraðili starfsstöðvarinnar, þar sem varanleg geymsla á kvikasilfursúrgangi sem fór í gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun, leggur fram, eins og um getur í 3. mgr.,
- c) magn kvikasilfursúrgangs sem er geymt í starfsstöðinni í lok hvers mánaðar.

Rekstraraðilar starfsstöðva, þar sem bráðabirgðageymsla á kvikasilfursúrgangi fer fram, skulu, um leið og kvikasilfursúrgangurinn er tekinn úr bráðabirgðageymslu, gefa út vottorð þar sem staðfest er að kvikasilfursúrgangurinn hafi verið sendur í starfsstöð þar sem förgunaraðgerðir fara fram sem falla undir þessa grein.

Þegar vottorð, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, er gefið út skal senda afrit af því án tafar til viðkomandi rekstraraðila sem um getur í 12. gr.

2. Rekstraraðilar starfsstöðva þar sem umbreyting á kvikasilfursúrgangi og, ef við á, storknun hans, fer fram skulu koma á fót skrá þar sem eftirfarandi kemur fram:

- a) að því er varðar hverja sendingu af kvikasilfursúrgangi sem berst:
  - i. uppruni og magn úrgangsins,
  - ii. nafn og samskiptaupplýsingar um birginn og eiganda úrgangsins,

- b) að því er varðar hverja sendingu af kvikasilfursúrgangi, sem fór í gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun, sem fer frá starfsstöðinni:
- i. magn úrgangsins og kvikasilfursinnihald hans,
  - ii. ákvörðunarstaður og fyrirhuguð förgunaraðgerð úrgangsins,
  - iii. afrit af vottorðinu sem rekstraraðili starfsstöðvarinnar, þar sem varanleg geymsla úrgangsins fer fram, leggur fram, eins og um getur í 3. mgr.,
- c) magn kvikasilfursúrgangs sem er geymt í starfsstöðinni í lok hvers mánaðar.

Rekstraraðilar starfsstöðva, þar sem umbreyting á kvikasilfursúrgangi og, ef við á, storknun hans, fer fram skulu, um leið og umbreytingunni og, ef við á, storknuninni á allri sendingunni er lokið, gefa út vottorð þar sem staðfest er að allri sendingunni af kvikasilfursúrgangi hafi verið umbreytt og, ef við á, sé storknuð.

Þegar vottorð, eins og um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, er gefið út skal senda afrit af því án tafar til rekstraraðila starfsstöðvanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og til viðkomandi rekstraraðila sem um getur í 12. gr.

3. Rekstraraðilar starfsstöðva, þar sem varanleg geymsla á kvikasilfursúrgangi sem fór í gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun, fer fram skulu, um leið og förgunaraðgerð allrar sendingarinnar er lokið, gefa út vottorð þar sem staðfest er að öll sendingin af kvikasilfursúrgangi sem fór í gegnum umbreytingu og, ef við á, storknun, hafi verið sett í varanlega geymslu í samræmi við tilskipun 1999/31/EB, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu geymslunnar.

Þegar vottorð, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, er gefið út skal senda afrit af því án tafar til rekstraraðila starfsstöðvanna sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og til viðkomandi rekstraraðila sem um getur í 12. gr.

4. Eigi síðar en 31. janúar ár hvert skulu rekstraraðilar starfsstöðvanna, sem um getur í 1. og 2. mgr., senda skrána fyrir næstliðið almanaksár til lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkja. Lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum skulu áframsenda árlega hverja skrá, sem hefur verið send, til framkvæmdastjórnarinnar.

*15. gr.*

#### **Menguð svæði**

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti við aðildarríki varðandi ráðstafanir sem gerðar eru á landsvísu til að greina og meta svæði sem eru menguð af kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum og til að bregðast við þeirri verulegu áhættu sem slík mengun getur skapað fyrir heilbrigði manna og umhverfið.
2. Eigi síðar en 1. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin gera upplýsingarnar, sem aflað er skv. 1. mgr., þ.m.t. skrá yfir svæði sem eru menguð af kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum, aðgengilegar öllum á Netinu.

V. KAFLI

#### **VIÐURLÖG, LÖGBÆR YFIRVÖLD OG SKÝRSLUGJÖF**

*16. gr.*

#### **Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu, fyrir gildistöku dagsetningar viðkomandi ákvæða þessarar reglugerðar, tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og um þær ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

*17. gr.*

#### **Lögbær yfirvöld**

Aðildarríki skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem eru ábyrg fyrir að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

18. gr.

### Skýrsla

1. Eigi síðar en 1. janúar 2020 og með viðeigandi millibili eftir það skulu aðildarríkin taka saman, leggja fyrir framkvæmdastjórnina og gera aðgengilega öllum á Netinu skýrslu sem inniheldur eftirfarandi.

- a) upplýsingar um framkvæmd þessarar reglugerðar,
- b) upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að Sambandið geti uppfyllt skýrslugjafarkvöð sína skv. 21. gr. samningsins,
- c) samantekt upplýsinganna sem er aflað í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar,
- d) upplýsingar varðandi kvikasilfur á yfirráðasvæðum þeirra:
  - i. skrá yfir staði þar sem birgðir sem nema meira en 50 tonnum af kvikasilfri, aðrar en kvikasilfursúrgangur, eru staðsettar og einnig magn kvikasilfurs á hverjum stað,
  - ii. skrá yfir staði þar sem meira en 50 tonn af kvikasilfursúrgangi hafa safnast upp og einnig magn kvikasilfursúrgangs á hverjum stað, og
- e) skrá yfir upptök sem mynda meira en 10 tonn af kvikasilfri á ári, þegar aðildarríkin fá vitneskju um slík upptök.

Aðildarríkin geta ákveðið að gera ekki neinar af upplýsingunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, aðgengilegar almenningi af einhverri af þeim ástæðum sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB <sup>(1)</sup>, sbr. þó aðra undirgrein 2. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Að því er varðar skýrsluna sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin gera rafrænt skýrslugjafartæki aðgengilegt fyrir aðildarríkin.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir til að taka saman viðeigandi spurningalista til að tilgreina innihald, upplýsingar og helstu árangursvísbenda sem eru nauðsynleg til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. ásamt sniði og tíðni skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. Þessir spurningalistar skulu ekki hafa í för með sér tvöfalda kvöð um skýrslugjöf fyrir aðila að samningnum. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í þessari málsgrein, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

3. Aðildarríkin skulu án tafar gera skýrslur, sem þau senda skrifstofu samningsins, aðgengilegar framkvæmdastjórninni.

19. gr.

### Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2020, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður mats síns varðandi:

- a) nauðsyn þess að Sambandið setji reglur um losun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda frá bálstofum,
- b) framkvæmanleika þess að hverfa frá notkun tannsilfurs í áföngum til lengri tíma litið og helst eigi síðar en árið 2030, að teknu tilliti til landsáætlana sem um getur í 3. mgr. 10. gr., og virða jafnframt að fullu valdsvið aðildarríkjanna að því er varðar skipulag og veitingu heilbrigðisþjónustu og læknishjálpar, og
- c) umhverfislegan ávinning og möguleikann á frekari aðlögun II. viðauka að viðkomandi löggjöf Sambandsins til að setja reglur um setningu vara með viðbættu kvikasilfri á markað.

2. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd og endurskoðun þessarar reglugerðar, m.a. í ljósi mats á skilvirkni sem ráðstefna aðilanna að samningnum tekst á hendur og skýrslna sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 18. gr. þessarar reglugerðar og 21. gr. samningsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ásamt skýrslum sínum sem um getur í 1. og 2. mgr.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

## VI. KAFLI

## FRAMSELT VALD OG FRAMKVÆMDARVALD

## 20. gr.

**Breyting á viðaukum**

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 21. gr. þessarar reglugerðar, til að breyta I., II., III. og IV. viðauka við hana til að laga þá að ákvörðunum, sem ráðstefna aðilanna að samningnum samþykkir í samræmi við 27. gr. samningsins, að því tilskildu að Sambandið hafi stutt viðkomandi ákvörðun með ákvörðun ráðsins sem er samþykkt í samræmi við 9. mgr. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

## 21. gr.

**Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. og 20. gr., í fimm ár frá 13. júní 2017. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 13. gr. og 20. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. og 20. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

## 22. gr.

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar við samþykkt eyðublaða fyrir innflutning og útflutning skv. 6. gr., tæknilegra krafna um umhverfissvæna bráðabirgðageymslu á kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum eða blöndum kvikasilfurs skv. 7. gr. (3. mgr.), ákvörðunar skv. 8. gr. (6. mgr.) og spurningalista skv. 18. gr. (2. mgr.). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

## VII. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

## 23. gr.

**Niðurfelling**

Reglugerð (EB) nr. 1102/2008 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2018.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

24. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Þó gildir d-liður í I. hluta III. viðauka frá og með 11. desember 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 17. maí 2017.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. ABELA

*forseti.*

\_\_\_\_\_

*I. VIÐAUKI***Kvikasilfurssambönd sem falla undir 3. gr. (2. og 3. mgr.) og 7. gr. (3. mgr.) og blöndur af kvikasilfri sem falla undir 3. gr. (2. mgr.), 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr. (3. mgr.)**

Kvikasilfurssambönd sem bannað er að flytja út frá 1. janúar 2018:

- Kvikasilfur(I)klóríð ( $\text{Hg}_2\text{Cl}_2$ , CAS-nr. 10112-91-1)
- Kvikasilfur(II)oxíð ( $\text{HgO}$ , CAS-nr. 21908-53-2)
- Sinnóberggrýti
- Kvikasilfurssúlfíð ( $\text{HgS}$ , CAS-nr. 1344-48-5)

Kvikasilfurssambönd sem bannað er að flytja út frá 1. janúar 2020:

- Kvikasilfur(II)súlfat ( $\text{HgSO}_4$ , CAS-nr. 7783-35-9)
- Kvikasilfur(II)nítrat ( $\text{Hg}(\text{NO}_3)_2$ , CAS-nr. 10045-94-0)

Blöndur kvikasilfurs sem bannað er að flytja út og inn frá 1. janúar 2018:

- Blöndur kvikasilfurs og annarra efna, þ.m.t. kvikasilfursblendi, með kvikasilfursstyrk sem nemur a.m.k. 95% miðað við þyngd.

—————



## II. VIÐAUKI

## Vörur með viðbættu kvikasilfri sem um getur í 5. gr.

## A-hluti — Vörur með viðbættu kvikasilfri

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Frá hvaða degi bannað er að flytja út, flytja inn og framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri
1. Rafhlöður eða rafgeymar sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd.	31.12.2020
2. Rofar og rafliðar, að undanskildum hárnákvæmum mælibrúm með háum rýmdar- og tapstuðlum og í fjarskiptatíðnirufum og -rafliðum með hárrí títíni í vöktunar- og eftirlitstækjum sem innihalda ekki meira en 20 mg af kvikasilfri í hverri mælibrú, hverjum rofa eða rafliða.	31.12.2020
3. Sambyggðir flúrlampar (CFL) til almennrar lýsingar: a) CFL.i ≤ 30 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 2,5 mg á hvert ljósastæði, b) CFL.ni ≤ 30 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 3,5 mg á hvert ljósastæði.	31.12.2018
4. Eftirfarandi flangar flúrperur (LFL) til almennrar lýsingar: a) Þrifosfór < 60 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 5 mg á hverja peru. b) Halófosfatfosfór ≤ 40 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 10 mg á hverja peru.	31.12.2018
5. Háþrýstar kvikasilfursperur (HPMV) til almennrar lýsingar.	31.12.2018
6. Eftirfarandi kaldskautsflúrperur og flúrperur með utanálíggjandi rafskautum með viðbættu kvikasilfri (CCFL og EEFL) í rafeindaskjá: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) stuttar (≤ 500 mm) með kvikasilfursinnihaldi yfir 3,5 mg á hverja peru,</li> <li>b) meðallangar (&gt; 500 mm og ≤ 1 500 mm) með kvikasilfursinnihaldi yfir 5 mg á hverja peru,</li> <li>c) langar (&gt; 1 500 mm) með kvikasilfursinnihaldi yfir 13 mg á hverja peru.</li> </ul>	31.12.2018
7. Snýrtivörur sem innihalda kvikasilfur og kvikasilfursambönd, að undanskildum sérstökum tilvikum sem tilgreind eru í 16. og 17. færslu V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 <sup>(1)</sup> .	31.12.2020
8. Varnarefni, sæfiefni og sýklaeyðandi efni til staðbundinnar notkunar.	31.12.2020
9. Eftirfarandi órafræn mælitæki: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) loftvogir,</li> <li>b) rakamælar,</li> <li>c) þrýstingsmælar,</li> <li>d) hitamælar og annar hitamælíbúnaður sem er ekki rafknúinn,</li> <li>e) blóðþrýstingsmælar,</li> <li>f) þannemar sem eru notaðir með rúmtaksritum,</li> </ul>	31.12.2020

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Frá hvaða degi bannað er að flytja út, flytja inn og framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri
<p>g) kvikasilfursvökvavogir,</p> <p>h) mælitæki með kvikasilfri til ákvörðunar á mykingarmarki.</p> <p>Þessi færsla nær ekki yfir eftirfarandi mælitæki:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— órafræn mælitæki sem eru sett upp í stórum búnaði eða búnaði sem er notaður til hárnákvæmra mælinga, ef enginn kvikasilfurslaus valkostur er fánlegur:</li> <li>— mælitæki sem voru orðin eldri en 50 ára 3. október 2007,</li> <li>— mælitæki sem eru sýnd á opinberum sýningum af menningar- og sögulegum ástæðum.</li> </ul>	

(<sup>1</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

B-hluti — Viðbótarvörur sem falla ekki undir skrána í A-hluta þessa viðauka

Rofar og raflíðar, kaldskautsflúrperur og flúrperur með utanálíggjandi rafskautum (CCFL og EEFL) í rafeindaskjái og mælitæki, þegar þau eru notuð til að koma í stað íhlutar í stærri búnaði og að því tilskildu að enginn mögulegur kvikasilfurslaus valkostur fyrir viðkomandi íhlut sé tiltækur, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB (<sup>1</sup>) og tilskipun 2011/65/ESB.

(<sup>1</sup>) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

*III. VIÐAUKI***Kröfur sem tengjast kvikasilfri og gilda um framleiðsluferli sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr.**

I. hluti: Bönnuð notkun kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda, hvort sem þau eru í hreinu formi eða í blöndum, í framleiðsluferlum

- a) frá 1. janúar 2018: framleiðsluferli þar sem kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eru notuð sem hvati,
- b) þrátt fyrir a-lið skal framleiðsla á vínýklóríðeinliðu bönnuð frá 1. janúar 2022,
- c) frá 1. janúar 2022: framleiðsluferli þar sem kvikasilfur er notað sem rafskaut,
- d) þrátt fyrir c-lið, frá 11. desember 2017: klóralkalíframleiðsla þar sem kvikasilfur er notað sem rafskaut,
- e) þrátt fyrir c-lið skal framleiðsla á natríum- eða kalíummetýlati eða -etýlati bönnuð frá 1. janúar 2028,
- f) frá 1. janúar 2018: framleiðsla á pólýúretani, að því marki sem hún hefur ekki þegar verið takmörkuð eða bönnuð í samræmi við 62. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

II. hluti: Framleiðsluferli sem sæta takmörkunum varðandi notkun og losun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum

Framleiðsla á natríum- eða kalíummetýlati eða -etýlati

Framleiðsla á natríum- eða kalíummetýlati eða -etýlati skal fara fram í samræmi við e-lið í I. hluta og skal hún háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) ekki er notað kvikasilfur frá námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri,
- b) dregið er úr beinni og óbeinni sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda út í andrúmsloftið, vatn og á land á hverja framleiðslueiningu um 50% fram til ársins 2020 miðað við árið 2010,
- c) rannsóknir og þróun að því er varðar kvikasilfursslaus framleiðsluferli eru studdar og
- d) frá og með 13. júní 2017 skal ekki auka afkastagetu stöðva, sem nota kvikasilfur og kvikasilfurssambönd til að framleiða natríum- eða kalíummetýlat eða -etýlat, sem voru í rekstri fyrir þann dag, og ekki skal leyfa neinar nýjar stöðvar.

## IV. VIÐAUKI

**Innihald landsáætlunar um óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og -vinnslu sem um getur í 9. gr.**

Landsáætlunin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) landsbundin markmið og skerðingarmarkmið til að stöðva notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum,
- b) aðgerðir til að stöðva:
  - i. blöndun óunnins málmgrýtis,
  - ii. opna brennslu amalgams eða unnins amalgams,
  - iii. brennslu amalgams í íbúðabyggð og
  - iv. útskolun sýaníðs í seti, málmgrýti eða úrkasti, sem kvikasilfri hefur verið bætt í, án þess að fjarlægja kvikasilfrið fyrst;
- c) ráðstafanir til að stuðla að myndun geira óvélvædds og minni háttar gullnámugrafrar og -vinnslu eða setningu reglna um hann,
- d) grunnviðmiðunarmat á magni kvikasilfurs sem er notað og aðferðum sem notaðar eru við óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og -vinnslu á yfirráðasvæði hans,
- e) stefnuáætlanir til að stuðla að skerðingu á losun og sleppingu kvikasilfurs og váhrifum frá því í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og -vinnslu, þ.m.t. aðferðir án kvikasilfurs,
- f) stefnuáætlanir til að stjórna viðskiptum og koma í veg fyrir að kvikasilfur og kvikasilfurssambönd, bæði frá erlendum og innlendum upptökum, til að nota í óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og vinnslu fari afvega,
- g) stefnuáætlanir til að fá hagsmunaaðila með í framkvæmd og áframhaldandi þróun landsáætlunarinnar,
- h) lýðheilsustefna um váhrif frá kvikasilfri á námumenn í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og á samfélag þeirra, m.a. söfnun á heilbrigðisgögnum, þjálfun fyrir heilbrigðisstarfsfólk og vitundarvakning með milligöngu heilbrigðisstofnana,
- i) stefnuáætlanir til að koma í veg fyrir váhrif frá kvikasilfri, sem er notað í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og -vinnslu, á viðkvæma hópa, einkum börn og konur á barneignaraldri, aðallega þungaðar konur,
- j) stefnuáætlanir til að veita námumönnum í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og samfélagi þeirra upplýsingar og
- k) áætlun um framkvæmd landsáætlunarinnar.

## V. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 1102/2008	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 1. gr.	4. mgr. 3. gr.
2. gr.	11. gr.
a-liður 1. mgr. 3. gr.	a-liður 3. mgr. 13. gr.
b-liður 1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 13. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr. og þriðja undirgrein 3. mgr. 13. gr.
2. mgr. 3. gr.	—
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 4. gr.	1. mgr. 13. gr.
3. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	—
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	—
a-liður 1. mgr. 6. gr.	—
b-liður 1. mgr. 6. gr.	a-liður 1. mgr. 12. gr.
c-liður 1. mgr. 6. gr.	b- og c-liður 1. mgr. 12. gr.
a-liður 2. mgr. 6. gr.	a-liður 1. mgr. 12. gr.
b-liður 2. mgr. 6. gr.	b- og c-liður 1. mgr. 12. gr.
3. mgr. 6. gr.	1. mgr. 12. gr.
4. mgr. 6. gr.	—
7. gr.	16. gr.
1. mgr. 8. gr.	—
2. mgr. 8. gr.	—
3. mgr. 8. gr.	—
4. mgr. 8. gr.	—
5. mgr. 8. gr.	—
9. gr.	—